

BRÁÐABIRGÐALÖG

55
14. okt.

um

breytingu á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga.

Vjer Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð Oss, að Sparisjóður Árnassýslu þurfi vegna erfiðs fjárhags að leita nauðasamninga við lánardrotna sína, en að fyriræli gildandi laga eigi ekki að öllu leyti við, með því að alveg sjerstaklega standi á, og sje því nauðsynlegt að gera aðra skipun á nokkrum atriðum. Fyrir því teljum Vjer brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Því bjóðum Vjer og skipum á þessa leið:

1. gr.

Um nauðasamningagerð milli Sparisjóðs Árnassýslu og lánardrotna hans skulu þessar sjerreglur gilda:

1. Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hundraðshluta sem almennir lánardrotnar verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum. Sparisjóðurinn er ekki skyldur til að taka sem gilda borgun upp í slíka skuld við sjóðinn innieignir annara manna í sjóðnum að meira en $\frac{1}{4}$ á ári og að frádregnum sama hundraðshluta sem áður segir.

Sjóðurinn verður ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

2. Rjettur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 1. okt. 1924.
3. Frumvarp að nauðasamningi skal telja löglega samþykkt að tölu lánardrotna til, ef einfaldur meiri hluti atkvæðismanna, er fund sækja (sbr. 3. málgr. 37. gr. laga nr. 19, 4. júní 1924), greiða því atkvæði, án til-lits til þess, hversu margir hafa lýst kröfum á hendur sjóðnum.
4. Tilkynning samkvæmt 4. málgr. 37. gr. nauðasamningalaganna skal talin nægileg, ef alment brjef til lánardrottins er afhent í póstin á staðnum.

- 55** 5. Skiftaráðanda er heimilt að setja á kostnað sjóðsins framkvæmdarstjóra
14. okt. fyrir hann, er stjórn sjóðnum undir umsjá skiftaráðanda, meðan á nauða-
samningagerð stendur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 14. október 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.